

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

644. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 19. apríl 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Aðalfundarboð Veiðifélags Miðfirðinga.
2. Aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalstunguheiðar.
3. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 24. mars sl.
4. Endurskoðun Samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.
5. Bygging vaðlaugar – Seinni áfangi.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt aðalfundarboð Veiðifélags Miðfirðinga. Fundurinn verður haldinn í Laxahvammum þann 25. apríl kl. 13:00. Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Húnaþings vestra á fundinum og Stefán Böðvarsson til vara.
2. Aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalstunguheiðar lagt fram. Fundurinn verður haldinn í Víðihlíð þann 19. apríl kl. 20:30. Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
3. Fram lögð til kynningar fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 24. mars sl.
4. Byggðarráð telur ekki ástæðu til að ráðast í breytingar á Samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra þar sem heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga stendur yfir.
5. Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir að beita ákvæði 14. gr. innkaupareglna sveitarfélagsins, um undanþágur frá útboði, við seinni áfanga í byggingu vaðlaugar á sundlaugarsvæði Íþróttamiðstöðvar. Ástæða undanþágunnar er að um marga og sérhæfða verkþætti er að ræða.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Fram voru lagðar sundurliðaðar upplýsingar úr ársreikningi 2009 um málaflokkana fræðslu- og uppeldismál og æskulýðs- og íþróttamál svo og yfirlit um eignfærða fjárfestingu 2007, 2008 og 2009.
7. Formaður byggðarráðs greindi frá því að þann 27. nk. apríl verður haldið á Hvammstanga málþing og stofnfundur Þekkingarseturs í Húnaþingi vestra.
8. Byggðarráð lýsir ánægju sinni með íbúafund um umhverfismál sem haldinn var í Félagsheimilinu Hvammstanga þann 15. apríl sl. Fundurinn tókst afar vel og þátttaka almennings var góð og vill byggðarráð færa skipuleggjendum og þátttakendum þakkir fyrir þeirra framlag.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:15

Elín R. Líndal(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).